




## Fréttir 24. Marz 2015



Það kemur alltaf fiðringur með vorinu og á þessum tíma eru 2016 útgáfurnar hjá

**Autodesk** að líta dagsings ljós. **AutoCAD 2016**

er komið út og það er alltaf jafn spennandi að sjá hvort úrbæturnar sem þú vonaðizt eftir eru með. Þetta stutta fréttabréf sýnir hvað þú átt að gera til að nálgast

### **AutoCAD 2016 (Einnig AutoCAD LT 2016).**

Í síðasta fréttabréfi talaði ég aðeins um hvernig maður tengizt áskriftarsíðunni - **Autodesk Account**. Þú getur farið inn með því að smella á "Sign In" hnappinn á forsíðunni hjá Autodesk. com eða þú getur notað linkinn: [manage.autodesk.com](http://manage.autodesk.com).

Þegar þú ert búinn að skrá þig inn velur þú Management - ef þú ert ekki þegar kominn þangað.

Þá birtizt listi yfir öll forrit sem þú hefur aðgang að. Með því að opna fléttupíluna vinstra megin við **AutoCAD** lógóið koma í ljós allar útgáfur sem þú hefur aðgang að (**2016, 2015, 2014**) ásamt **serial númer og product key**.

**AUTODESK ACCOUNT** PROFILE **MANAGEMENT** Support Finnur P. Frodason

**PRODUCTS & SERVICES** All Products & Services [Manage Users](#)

- 3DS Max Design 30 seats · Not for resale + Maintenance Subscription (Expires) [Download now](#) [More actions](#)
- Alias Design 6 seats · Not for resale + Maintenance Subscription (Expires) [Download now](#) [More actions](#)
- AutoCAD** 6 seats · Not for resale + Maintenance Subscription (Expires) [Download now](#) [More actions](#)

Subscription info: Not for resale + Maintenance Subscription ⓘ Expires Jan 31, 2016 [Subscription details](#)

Serial numbers

Version	Serial number / product key
2016	██████████ / 001H1 <a href="#">Download</a>
2015	██████████ / 001G1 <a href="#">Download</a>
2014	██████████ / 001F1 <a href="#">Download</a>

[View all serial numbers](#)

More details: [Product info](#) [Product help](#) [Enhancements](#) [Updates](#)


Ef þú ert ekki **Contract manager** getur þú halað niður en sérð ekki serial númer. Áskriftarstjórinn getur stillt hvað notendur mega eða mega ekki sjá. Á þessari síðu er líka aðgangur að öllum "spásslum" sem fylgir áskrift.

### Nýjungar í AutoCAD 2016.

Til að hafa þetta ekki of langt skal hér nefnt fjórar nýjungar í **AutoCAD 2016**:


#### Start flippinn:

"Velkomin glugginn" sem opnaðist sjálfkrafa þegar AutoCAD opnaðist hefur verið skiptur út fyrir Start flípa. Þessi flípa er opin allan tímann og þannig auðvelt að ná í yfirlit yfir síðustu teikningar eða náð í kennsluvídeó. Með breytuna "Startmode" sett á 0 kemur þetta viðmót ekki upp.




## Files flipar:

Þegar margar teikningar eru opnar getur þú lokað þeim öllum eða nokkrum með því að hægrismella á hvaða flipa sem er og velja, sjá mynd:




## Bættar málsetningar:




Loksins, loksins fáum við málsetningartól sem líkjast því hvernig málsett er í **Inventor**.

Með nýju aðferðinni er nóg að koma við línuna sem á að málsetja -lína, hringur, bogi osfrv. - og við þurfum ekki að velja "Linear, Aligned eða Radíus - heldur finnur **AutoCAD** sjálft hvernig málsetningarmöguleikar eru.




Ef við gleymum að velja rétt lag (Layer) áður en við byrjum að málsetja - og hver gerir það ekki stundum - þá getum við notað fléttupíluna og valið rétt lag.

Með DIMLAYER breytuna getur þú sagt AutoCAD að málsetningar eiga alltaf að fara á tilteknu lagi. Eins og oft áður eru líka ýmsir valkostir faldir undir hægri músahnappnum.



Að lokum er komið **nýtt "OSNAP"** - Geometric Center.

Þá er unnt að krækja í miðju marghyrnings (Polygon) og getur það sparað nokkrar hjálparlínur.



Á hefðbundnum Autodesk bloggsíðum er fullt af vídeóum sem sýna hleztu nýjungar en ég tek upp þráðinn aftur í næsta fréttabréfi.

Þangað til næst:  
Lifið heil.

Finnur P. Fróðason  
**Hafið Samband:**

sími: 5523990 -  
[cad@cad.is](mailto:cad@cad.is)

[Forward email](#)

 SafeUnsubscribe™

This email was sent to [finnurp@cad.is](mailto:finnurp@cad.is) by [finnurp@cad.is](mailto:finnurp@cad.is) |  
[Update Profile/Email Address](#) | Rapid removal with [SafeUnsubscribe™](#) | [Privacy Policy](#).

 Trusted Email from  
**Constant Contact**  
Try it FREE today.

CAD ehf | Skulagata 10 | Reykjavík | IS-101 | Iceland